

**Húsnæðissjóður**

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Selfoss
29. október 2025

Efni: Tilkynning um niðurfellingu Hamarskotsvegur (3025-01), Flóahreppi, af vegaskrá

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 8.7.2025 þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella Hamarskotsveg (3025-01) af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun innan fjögurra vikna.

Síða 1/2

Vegagerðinni barst bréf frá Heiðu Ösp Guðmundsdóttur, f.h. Húsnæðissjóðs, þar sem tilkynnt var að Húsnæðissjóður hafi eignast eignina að Hamarskoti á nauðungarsölu og væri auglýst til sölu. Óskað var eftir að vegurinn væri inn á vegaskrá þar til eignin hefur verið seld.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að Hamarskotsvegur (3025-01) uppfyllir ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga og verður því felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur frá og með næstu áramótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.

Landeiganda er bent á að hægt er að sækja um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur að nýju þegar það er komin föst búseta og lögheimili. Umsókn og leiðbeiningar um hana má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is. Einnig er hægt að hafa samband við undirritaða vegna umsóknar.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is

Vegagerðin vekur athygli á að verði breyting á lögheimilisskráningu fyrir árslok 2025 mun vegurinn ekki falla af vegaskrá.

Ákvörðun þessi er kæránleg til innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit: floahreppur@floahreppur.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Freydís Edda Benediktsdóttir

Undirskrift

Freydís Edda Benediktsdóttir